

Jafnréttis – og mannréttindaáætlun Fellaskóla

Framtíðarsýn Fellaskóla er að allir finni sig á heimavelli, bæði nemendur og starfsfólk. Sýn skólans vísar til þess að í skólanum á nemendum að líða vel, þeir eiga að fá nám við hæfi, búa við öryggi og aðstæður til að geta „spilað sinn besta leik“ á degi hverjum. Orðið jafnrétti hefur yfir sér blæ réttlætis þar sem allir sitja við sama borð. Því skal engum í Fellaskóla vera mismunað vegna uppruna, trúar, þjóðernis, kynþáttar, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, skoðana né líkamlegrar- eða andlegrar fötlun. Skólabragurinn á að endurspegla þetta.

Í Fellaskóla stundar fjölbreyttur nemendahópur nám á degi hverjum. Litið er þannig á að í fjölbreytninni felist styrkur skólasamfélagsins og með henni skapist tækifæri sem mikilvægt er að nýta. Skólastarfið á að styrkja alla nemendur í að rækta hæfileika sína, óháð staðalmyndum og andlegu- eða líkamlegu atgervi. Markmið allra sem vinna með börnum og unglingum í Fellaskóla er að auka jafnréttisvitund þeirra og festa jafnrétti í sessi sem eitt af grunngildum lífsins. Þannig er hægt að breyta skoðunum, hegðun og væntingum til frambúðar.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Fellaskóla byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008; Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008; Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar frá 2016; Aðalnámskrá grunnskóla (2011); Stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar í menntamálum (2018) og skólanámskrá Fellaskóla (2018-2019).

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er tekið fram að við skipulag náms og kennslu sé þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og hafi kost á að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína sbr. 18. grein. Þar segir m.a. að tilgreina þurfi hvernig starfsmönnum og nemendum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.-22. grein. Í 22. grein um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni segir:

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Einnig ber skólum sem menntastofnunum að uppfylla 22. og 23. greinar laganna gagnvart nemendum sínum. Í 23. gr. um menntun og skólastarf segir:

- Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómstundastarfi.
- Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.

- Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.
- Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er m.a. byggð á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Áherslan á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi borgarinnar og staða kynjanna á að skoðast sérstaklega í öllum þeim hópum sem stefnan nær til. Stefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ættarnis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Í almennum hluta Aðalnámskrá grunnskóla 2011 er fjallað um markmið jafnréttismenntunar. Þar segir:

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis (bls. 21).

Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks og því er haft að leiðarljósi að tækifæri nemenda og starfsmanna byggi á hæfileikum og færni hvers og eins. Aðilar skólasamfélagsins bera sameiginlega ábyrgð á því að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis og hafa þeir jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku. Kynjasambættingar skal gætt við stefnumótunar- og áætlanagerð skólans.

Er í endurskoðun haust 2025

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að taka tillit til mismunandi menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða og lífsskoðana nemenda.	Trúarbragðafræðsla þar sem fjölmennustu trúarbrögð heims eru kynnt. Markviss móttaka barna og foreldra af erlendum uppruna.	Kennarar Stjórnendur og námsráðgjafi	Eftir þörfum
Að stoðþjónusta skólans mæti þörfum fjölbreytts nemenda hóps. Sérstaklega skoðað hvort nemendum sé mismunað á grundvelli kyns þegar kemur að stoðþjónustu.	Stoðþjónusta skólans er metin í innra mati. Við upphaf hverrar annar er stoðþjónusta skólans skipulögð og endurbætt eftir þörfum.	Deildarstjóri stoðþjónustu	Ágúst og janúar
Að nemendur fái fræðslu um kyn, kynhneigð og kynvitund. Að nemendur fái fræðslu um kynbundið ofbendi, kynbundið áreiti og kynferðislegt áreiti og þekki hvert þeir geta leitað með þau mál bæði innan og utan skóla.	Ímyndir kynja og hefðir ræddar: Kvenleiki og karlmennska Kynhneigð og kynvitund Kynbundið ofbeldi Kynferðislegt áreiti Kynferðisofbeldi gegn börnum Krakkarnir í hverfinu -leikrit Leyndarmálið - teiknimynd Fræðsla og umræða um samskipti kynja, náin	Kennarar, námsráðgjafi, stjórnendur	Margvísleg verkefni í árgöngum

	sambönd, kynlíf, virðingu og klám.		
Að gæta jafnréttis og að borin sé virðing fyrir öllum nemendum og ólíkum skoðunum þeirra. Allir nemendur eiga að geta komið skoðun sinni á framfæri.	Dagleg samskipti við nemendur. Nemendur fá tækifæri í almennum samskiptum og á bekkjarfundum til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri. Nemendur kjósa sér fulltrúa í nemenda- og skólaráð.	Allir starfsmenn Umsjónarkennarar Skólastjórnendur og umsjónarmaður félagsstarfs	Alltaf Vikulega Við upphaf skólaárs
Að nemendum standi til boða matur í mötuneyti sem stríðir ekki gegn lífs- og trúarskoðunum þeirra.	Yfirmaður skólamötuneytis fær upplýsingar og tryggir að nemendum standi sambærilegur matur til boða	Yfirmaður skólamötuneytis Skólaritari, stjórnendur	Alltaf
Að nemendur hljóti fræðslu um jafnréttismál og jafna þátttöku beggja kynja í samfélaginu.	Jafnréttisfræðsla í öllum árgöngum (samfélagsfræði/lífsleikni). Tækni- og iðngreinar (nám og störf) eru sérstaklega kynnt stelpum og strákum kynnt hefðbundin uppeldis- og umönnunarstörf sérstaklega.	Umsjónarkennarar Námsráðgjafi og umsjónarkennarar	Alltaf
Að tryggt sé að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjum	Námsefni er skoðað reglulega út frá jafnréttissjónarmiði og áhersla lögð á að vinna með námsefni og námsgögn sem byggja á jafnréttishugmyndum.	Kennarar og stjórnendur	Alltaf

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun - starfsmenn

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmenn Fellaskóla skulu virða fjölmenningarstefnu og jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar. Þess skal gætt að gera ekki upp á milli starfsmanna í kjörum vegna kynferðis, kynþáttar, stjórnmálaskoðana eða trúarskoðana eða af öðrum ómálefnalegum ástæðum. Stjórnendum ber að stuðla að markvissri aðlögun erlendra starfsmanna á vinnustað og huga að íslenskunámi ef þurfa þykir.

Að auki mun skólinn í samræmi við 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir kynbundnu ofbeldi eða kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt innan skólans. Starfsmönnum skal vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geti leitað komi slíkt upp.

Í Fellaskóla er leitast við að ráða sem hæfasta starfsmenn sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfs eins og kostur er á hverju sinni. Við ráðningar er tekið mið af Jafnréttisáætlun og Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Allir starfsmenn skólans eiga sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Jafnframt hafa þeir jöfn tækifæri til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum. Launajafnrétti er fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Samskipti á vinnustaðnum grundvallast á leiðarljósi starfsmanna í samskiptum en þar er meðal annars lögð áhersla á gagnkvæma virðingu, kurteisi og tillitssemi. Allir starfsmenn eiga rétt á að koma skoðunum sínum um framfæri og virðing er borin fyrir ólíkum skoðunum. Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans. Framkvæmdaáætlun er sett fyrir hvert skólaár þar sem fram koma skýr og skilgreind markmið, hver ber ábyrgð á framkvæmdinni og hvernig mati á árangri og eftirfylgni er tryggt.

Er í endurskoðun haust 2025

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Orðræða og viðmót starfsmanna endurspeglir virðingu fyrir fjölbreyttum nemendahóp, foreldrum og fjölskyldum.	Rætt um virðingu og jákvætt viðmót á starfsmannafundum. Starfsmenn ígrunda viðhorf sín og framkomu.	Stjórnendur	Alltaf
Áreiti og ofbeldi er ekki liðið, þ.m.t. einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundið áreiti og kynferðislegt áreiti.	Fræðsla fyrir starfsfólk og regluleg endurskoðun áætlaða þar sem skýrt er tekið fram að slík hegðun er ekki liðin og á henni verði tekið komi hún upp.	Starfsmenn og stjórnendur	Haust og vor og eftir þörfum
Konur og karlar fá sömu laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf	Árleg greining á launum starfsmanna	Reykjavíkurborg	
Að starfsmenn geti samræmt fjölskyldu- og atvinnulíf.	Aukinn sveigjanleiki á viðveru á vinnustað.	Stjórnendur	Alltaf
Að laða að fjölbreytt starfsfólk	Þess sé gætt að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttislaða	Stjórnendur	Haust og vor og eftir þörfum

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Fellaskóla er hluti skólanámskrár og eru áhrif hennar og staða jafnréttismála metin reglulega, í viðhorfskönnunum meðal nemenda, forráðamanna og starfsmanna og í starfsmannasamtölum. Niðurstöður eru metnar og umbætur gerðar ef þörf krefur. Áætlunin er í tveimur hlutum, þ.e. fyrir nemendur og fyrir starfsmenn og tekur hún til allra þátta skólastarfsins. Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á henni en hann getur falið öðrum að endurskoða hana og fylgja henni eftir. Áætlunin er endurskoðuð í heild sinni á þriggja ára tímabili en árlega er unnin framkvæmdaáætlun sem gildir fyrir skólaárið. Áætlunin er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans www.fellaskoli.is.